



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 12.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#) og [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#).

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- Samskipti á Mínunum síðum á [heilsuvera.is](#)
- Netspjall á [heilsuvera.is](#) - 8:00-22:00

Síðastliðinn sólarhring hafa greinst tuttugu ný smit, þar af eru tvö innanlandssmit en tvö þeirra má rekja til

Bandaríkjanna. Smitrakning stendur yfir. Fjöldi smitaðra er því 105 talsins, þar af 22 innanlandssmit.

Samtals hafa um 1023 sýni verið tekin, þar af 87 í dag.

Nú er unnið að því að ganga frá samningi milli smit- og veirufraeðideildar Landspítala og Decode svo hægt verði að hefja skimun fyrir COVID 19 í íslensku samfélagi. Stefnt er að því að hefja skimunina sem fyrst.

Upplýsingafundur

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir fór yfir stöðu mála með tilliti til COVID-19, staðfesta smita hér á landi o.fl. Yfir 1000 manns eru í sóttkví og tveir einstaklingar eru á Landspítala í einangrun. Komið hafa upp tvö ný tilfelli sem eiga uppruna sinn í Bandaríkjunum. Unnið er að smittrakningu. Margar aðgerðir eru notaðar til að hefta útbreiðslu veirunnar hér á landi, þ.e. einangrun, sóttkví og samfélagslegar aðgerðir og sýkingavarnir. Mörg fyrirtæki hafa tekið upp ráðstafanir og sníða þær að sinni starfsemi. Mikið hefur verið rætt um samkomubann sem er viðbótar leið til að hefta enn frekar smit veirunnar. Heilbrigðisráðherra tekur lokaákvörðun um það að loknu samráði við almannavarnir og sóttvarnalækni. Staðan er metin frá degi til dags.

Alma D. Möller landlæknir sagði frá því að 180 heilbrigðisstarfsmenn, læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hafa nú skráð sig í bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar. Heilbrigðisstofnunum sem vantar starfsfólk er bent á að hafa samband við heilbrigðisráðuneytið. Leitað er að fólki í bakvarðasveitina sem hefur aðstæður og er reiðubúið að koma tímabundið til starfa í heilbrigðisþjónustunni með skömmum fyrirvara, hvort heldur í fullt starf, hlutastarf eða í tímavinnu, eftir því sem aðstæður leyfa. [Skráningarformið](#) er aðgengilegt á vef heilbrigðisráðuneytisins. Unnið er að því að styrkja þjónustu og ráðgjöf 1700, heilsugæslunnar og heilsuveru.is Heilbrigðisþjónustan og starfsstaðir með afþreyingu sem ætluð er þeim sem eru í minnihlutahópum eru hvattir til að skoða hvort hægt er að veita þjónustuna með breyttu fyrirkomulagi.

María Mjöll Jónsdóttir, deildarstjóri upplýsingadeildar utanríkisráðuneytisins ræddi um helstu vendingar erlendis og áhrif á íslenska ferðamenn. Ríki hafa gripið til yfirgripsmikilla ráðstafana sem hafa áhrif á Íslendinga sem eru m.a. á fer til eða frá Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa bannað allt flug frá Evrópu nema Bretlandi vegna COVID-19 veirunnar. Bannið gildir frá föstudegi um alla ríkisborgara innan Schengen. ESTA og landvistarleyfi er í skoðun. Upplýsingum verður miðlað þegar þær liggja fyrir. Önnur ríki hafa einnig gripið til mikilla ráðstafana sem hafa áhrif á Íslendinga. Íslendingar erlendis eru hvattir til að skrá sig á [vef utanríkisráðuneytisins](#).

Víðir Reynisson yfirlöggregluþjónn sagði frá þeim breytingum sem hafa átt sér stað innan björgunarmiðstöðvarinnar varðandi sóttvarnaráðstafanir. Er það m.a. gert til að efla getu samhæfingarstöðvar og viðbragðsaðila til að ráða við annan atburð á almannavarnastigi.

Staða mála

Ísland - staðan í dag

Uppruna smita á Íslandi er bæði að finna innanlands og erlendis (á skíðasvæðum í Ölpunum, Asíu og Bandaríkjunum).

Uppruni smita dreifist eftirfarandi:

Uppruni smita	Fjöldi
Innanlands	22
Erlendis	87
Samtals	105

Fjöldi einstaklinga í úrræði:

Úrræði	Fjöldi
Einangrun	105
Sóttkví	900
Samtals	1005

Smitranssóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við einstaklinga í sóttkví. Þeir hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.

Fólk í sóttkví samkvæmt landsvæðum:

Sóttkví	Fjöldi
Höfuðborgarsvæði	797
Suðurnes	21
Vesturland/Vestfirðir	16
Norðurland	34
Austurland	2
Suðurland	26
Verið að afla uppl.	4
Samtals	900

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 126.660 einstaklingum og um 4.641 einstaklingar hafa látist (3,6%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 68.305 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu, sérstaklega á Ítalíu, á Spáni og í Þýskalandi. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Upplýsingamiðlun

Framundan:

- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla er áætlaður föstudaginn 13. mars kl. 14:00.
- Næsti stöðufundur vegna COVID 19 verður föstudaginn 13. mars kl. 9:00.

Leiðbeiningar

- **Kórónaveiran og framleiðsla grænmetis og dýraafurða.** Matvælastofnun hefur uppfært [upplýsingasíðu sína](#) um COVID-19 og matvæli með algengum spurningum og svörum um uppskeru grænmetis og framleiðslu dýraafurða m.t.t. kórónaveirunnar:

Fyrirspurnum svarað víða

Heilsuvera og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Mikið annríki hefur verið hjá Heilsuveru og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Allt upp í 430 fyrirspurnir bárust daglega í sl. viku og hefur þeim fjölgað mikið síðastliðna daga.

Auk þess koma 10-30 fyrirspurnir daglega sem sendar eru á milli kl. 22:00 og 08:00.

